

STJÓRNARTÍÐINDI A 1 – 2000

10. janúar 2000

1

Nr. 1

AUGLÝSING

um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands.

Forseti Íslands, herra Ólafur Ragnar Grímsson, er farinn til útlanda.

Í fjarveru hans fara forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar með vald forseta Íslands, samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar.

Forsætisráðuneytinu, 10. janúar 2000.

Davíð Oddsson.

Ólafur Davíðsson.

17. janúar 2000

Nr. 2

AUGLÝSING

um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum.

Forseti Íslands, herra Ólafur Ragnar Grímsson, er kominn úr för sinni til útlanda og hefur á ný tekið við stjórnarstörfum.

Forsætisráðuneytinu, 17. janúar 2000.

Davíð Oddsson.

Kristján Andri Stefánsson.